

**Nd. 101. Frumvarp til laga [61. mál]**

um breyting á lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Halldór Ásgrímsson.

**1. gr.**

Fyrir orðin „Samkvæmt tillögum“ í 1. gr. laganna komi: Að fengnum tillögum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þann 1. marz s. l. setti atvinnumálaráðuneytið, samkvæmt heimild í l. nr. 83 22. okt. 1945, reglugerð um bann við dragnótaveiðum á Aðalvík og á svæðinu frá Sandgerðisvíta að Hraunsnesi. Var það gert í samræmi við ítrekaðar óskir útvegs-  
manna og sjómanna á þessum stöðum.

Nú hefur komið í ljós, að dómsmálaráðuneytið telur, að ekki sé unnt að framkvæma reglugerð þessa, vegna þess að ekki lágu fyrir meðmæli beggja þeirra aðila, sem um getur í fyrrgreindum lögum. Hefur hún þess vegna verið afnumin og friðun umræddra svæða því upphafin.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimildin til þess að friða einstök svæði fyrir dragnótaveiðum verði ekki bundin algerlega við meðmæli Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, eins og verið hefur. Telja flm. reynsluna sanna, að brýna nauðsyn beri til þessarar breytingar.

Nánar í framsögu.